


Stjórn íbúasamtaka Urriðaholts skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að setja í forgang og hraða sem mest má eftirfarandi þáttum í uppbyggingu Urriðaholts nú þegar hverfið er að verða fullbyggt:

1. **Lokið verði við byggingu skólans, og sundlaugar til almenningsnota.** Mikill fjöldi barna hefur þegar flutt í hverfið og fleiri munu flytja á næstu misserum. Hverfið mun telja hátt í fimm þúsund manns þegar það er fullbyggt og hóflega byggð sundlaug er hluti af gæðum þessa góða hverfis. Afar mikilvægt er að ljúka framkvæmdum á skólalóðinni allri.
2. **Reistur verði góður leikvöllur/leikvellir** með fjölbreyttum leiktækjum fyrir dreifðan aldurshóp sem allra fyrst. Eins ánægðir og íbúar eru með þessi fjögur leiksvæði sem er verið að setja niður núna í vor, þá hafa margir lýst vonbrigðum með hversu lítil þau eru og finnst erfitt að þurfa að fara í önnur hverfi til að finna leikvelli fyrir börnin, sérstaklega í ljósi þess að leikskólinn verður opinn í allt sumar og aðstaðan þar ekki opin fyrir almenning yfir daginn. Íbúasamtökin vilja gjarnan vera í samvinnu við bæjaryfirvöld um úrvinnslu þessara hugmynda. Við teljum að framkvæmdir við Miðgarð gætu verið góð leið til að leysa mörg þessara mála og óskum eftir auknum krafti í þá vinnu.
3. **Betri tengingar inn og út úr hverfinu**, bæði fyrir gangandi, hjólandi og akandi, verði tryggðar sem allra fyrst. Við óskum eftir **flýtimeðferð** á tengingu gangandi og hjólandi við nýja íþróttamiðstöð í Vetrarmýri með stíg austan Reykjanesbrautar og undirgöngum undir Vífilsstaðaveg. Einnig finnst okkur með ólíkindum að ekki skuli vera komin áætlun og eða framkvæmdir hafnar við ónýtan Flóttamannaveg þegar austurhluti Urriðaholts er að komast á lokastig og opnun tveggja umferðaræða út úr hverfinu að sunnanverðu liggur fyrir dyrum. Við förum fram á að kraftur verði settur í þessa vinnu með Vegagerðinni og örugg tenging verði tryggð sem allra fyrst. Við höfum margoft lýst áhyggjum okkar af ferðalögum gangandi og hjólandi yfir Reykjanesbrautina og þeim gríðarlega umferðarpunga sem liggur um gatnamótin við Kaupþún og ítrekum enn þennan sterka vilja íbúa að öryggi þeirra verði tryggt enn frekar á þessari tengingu við önnur hverfi Garðabæjar.
4. **Við lýsum ánægju okkar með góð samskipti við bæjaryfirvöld** og fyrir góðan framkvæmdahraða á mörgum þáttum uppbyggingar í hverfinu. Við treystum því að þessi atriði hér að ofan fá þann forgang sem okkur finnst eðlilegur í ljósi þess að hverfið er að verða fullbyggt og að þessir þættir snúa að sjálfsögðum innviðum hverfisins. Einnig viljum við minna bæjaryfirvöld á að íbúar Urriðaholts hafa greitt aukið innviðagjald og við teljum að góða fjárhagsstöðu bæjarins megi að einhverju leyti þakka uppbyggingunni í Urriðaholti og þeirri fólksfjölgun sem hverfið hefur skapað bæjarfélaginu.

Urriðaholti 22. apríl 2021

Fyrir hönd stjórnar íbúasamtaka Urriðaholts


Hafliði Kristinsson